

89. ársþing USÚ – tillögur

Tillaga 1 – Frá stjórn USÚ

89. ársþing USÚ, haldið í Golfskálanum á Höfn, 7. apríl 2022, hvetur ungmennafélaga til að fjölmenna á 23. Unglingalandsmót UMFÍ, sem haldið verður á Selfossi um verslunarmannahelgina, taka þátt í íþróttaveislu UMFÍ á höfuðborgarsvæðinu í sumar og mæta á 10. Landsmót UMFÍ 50+, sem haldið verður í Borgarnesi 24. – 26. júní. Þingið hvetur ungmennafélaga einnig til þess að taka þátt í almenningsíþróttaverkefnum á vegum UMFÍ og ÍSÍ.

Tillaga 2 – frá stjórn USÚ

89. ársþing USÚ, haldið í Golfskálanum á Höfn, 7. apríl 2022, felur stjórn USÚ að vinna að því að USÚ verði fyrirmyndarhérað ÍSÍ fyrir ársþing 2023.

Tillaga 3 – frá stjórn USÚ, en einnig miðuð við umræður á fundum nefndar um nýja lottóreglugerð

89. ársþing USÚ, haldið í Golfskálanum á Höfn, 7. apríl 2022, samþykkir eftirfarandi breytingar á reglum um skiptingu lottótekna. Viðbætur eru merktar með rauðu og undirstrikaðar. Ekki er lagt til að neitt verði tekið út:

Reglur um skiptingu lottótekna innan USÚ

1. gr. Skipting tekna

15% – USÚ

5% – Styrktar- og afrekssjóður USÚ

Það sem eftir stendur skiptist á milli félaga í þessum hlutföllum:

58% – Ungmennafélagið Sindri

9% – Ungmennafélagið Máni

9% – Golfklúbbur Hornafjarðar

9% – Hestamannafélagið Hornfirðingur

5% – Ungmennafélag Öræfa

5% – Skotfélag Austur-Skaftafellssýslu

5% – Akstursíþróttafélag Austur-Skaftafellssýslu

2. Skilyrði fyrir úthlutun

Uppfylla þarf eftirfarandi skilyrði til að félag geti fengið úthlutað lottói:

1. Skila verður starfsskýrslu, þ.m.t. ársreikningi og félagatali, inn í félagakerfi ÍSÍ og UMFÍ eigi síðar en á útgefnum skiladegi.
2. Halda verður aðalfund í félaginu og skila fundargerð inn til USÚ fyrir ársþing USÚ hvert ár.

3. Félagið verður að senda a.m.k. helming þeirra fulltrúa sem það á rétt á á ársþing USÚ.

Sé eitthvert þessara skilyrða óuppfyllt, fellur úthlutun niður hjá hlutaðeigandi félagi það árið.
Úthlutun sem fellur niður deilist á önnur aðildarfélög samkvæmt 1. gr.

Lottó er greitt út tvisvar á ári, að jafnaði í janúar og júlí.

Reglum þessum má einungis breyta á ársþingi með 2/3 hluta greiddra atkvæða.

Tillaga 4 – frá stjórn USÚ

89. ársþing USÚ, haldið í Golfskálanum á Höfn, 7. apríl 2022, samþykkir að nefnd sem skipuð var í kjölfar 87. ársþings USÚ, til þess að vinna að tillögu að nýrri reglugerð um útteilingu lottós, fái endurnýjað umboð til sinna starfa. Nefndin er skipuð einum fulltrúa frá hverju þeirra félaga sem átti aðild fyrir 87. ársþing USÚ, auk þess sem stjórn USÚ hefur settið fundi nefndarinnar. Í einhverjum tilfella þarf að skipa nýja fulltrúa í stað fulltrúa sem eru hættir, og því skulu öll aðildarfélög skipa nýjan fulltrúa eða staðfesta skipan sinna fulltrúa.